

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Með mann í bókaskrifum

Nánast allir Ísfirðingar þekkja Herðísi Magneu Hübner kennara, sem farin er að kenna barnabörnum fyrstu nemendanna. Herðís hefur íslenskað ýmis ritverk og hlotið fyrir mikið lof. Hún hefur líka frumsamið en er hætt slíku og segir: „Enda er ég mann í því.“ Þar á hún við soninn Eirík Örn Norðdahl.

— sjá bls. 12 og 13.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 17. júlí 2014 · 28. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak

Ungur nemur,
gamall temur!

Ljósmynd: Páll Önnundarson.

Þú færð

BYKO

vörurnar
hjá okkur

SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði

Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Tólf ára púkar að slaga í sextugt

Gamall vinahópur frá Ísafirði lætur vináttuböndin ekki trosna og er margt gert til að treysta þau. Á mánudag fór hópurinn í enn eina ferðina á Hornstrandir og segir Spessi (Sigurþór Hallbjörnsson) ljósmyndari, að hann haldi að þetta sé í fimmtánda sinn sem vinirnir fara saman á Hornstrandir. „Þetta erum við æskufélagarnir. Við erum búnir að vera vinir frá því við vorum tólf ára og við erum ennþá tólf ára. Við höfum ekkert breyst,“ segir Spessi.

Á mánudag átti að halda til Hlöðuvíkur þar sem hópurinn ætlað að slá upp tjaldbúðum. „Við erum með stórt matar- og samverutjald og erum með fullbúna eldavél með okkur eldum þriggja rétta gourmet máltíðir á hverju kvöldi. Við höfum farið nokkrum sinnum í Hornvík, nokkrum sinnum í Aðalvík og í Reykjarfjörð. Við höfum líka farið í Jökulfirði en vorum ekki eins ánægðir með þá. Það vantar rekaviðinn þar, fyrir varðeld og byggja kofa, við erum bara að leika okkur,“ segir Spessi.

Kvöldin fara í átveislur og sögustundir þar sem rifjuð eru upp gömul prakkarastrik en dag-



Vinahópurinn á bryggjunni í Bolungarvík á mánudag. Ljós: Þorsteinn Másson.

arnir eru nýttir í dagsferðir. Spessi segir þó vináttuna vera það mikilvægasta við þessar ferðir. „Bottomlænið er vináttan, hvað vináttan er mikilvæg. Við erum búnir

að vera vinir frá því við vorum tólf ára og erum að verða sextugir. Það er mikilvægt að rækta vináttuna því hún er eitt það mikilvægasta sem eigum. Við förum

til dæmis í bío á hverjum þriðjudegi á veturna. Það er mikilvægt að halda stráknum í sér, við verðum ekkert gamlir, enginn okkar er gamall.“ Það stendur ekki á

svari þegar Spessi er spurður hver sé mesti æringinn í hópnum. „Það er Siggi blóma. Hann er óferjandi og óalandi og það er bara alveg æðislegt,“ segir Spessi.



Tæknimaður Vilt þú taka þátt í sókn Nýherja?

Tæknisvið Nýherja leitar að sjálfstæðum og útsjónarsömum tæknimanni á Ísafirði eða í nágrenni. Starfið felst í almennri notendapjónustu gegnum þjónustuborð og vettvangspjónustu. Leitað er að aðila með áhuga á að tileinka sér nýjungar og takast á við krefjandi verkefni.

Helstu verkefni:

- Almenn notendapjónusta við viðskiptavinum Nýherja
- Uppsetningar og viðgerðir á tölvu- og prentbúnaði
- Umsjón með pósthugbúnaði og viðskiptahugbúnaði á snjalltækjum
- Samvinna með kerfisstjórum í tæknilegum verkefnum

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og skilningur á þörfum viðskiptavina
- Góð þekking á Windows stýrikerfum, MacOS og Linux er kostur
- Reynsla af helstu snjalltækjum (Android, iOS, Blackberry) er kostur
- Menntun sem nýtist í starfi og tæknilegar vottanir eru kostur

Starfsmaður verður að vera búsettur á Ísafirði eða í nágrenni.

Umsóknarfrestur er til og með **28. júlí 2014**. Sótt er um starfið á vef Nýherja, nyherji.is/atvinna. Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veitir Hleiddur Gíslason, hópstjóri þjónustuborðs, hleiddur.gislason@nyherji.is



Hjá Nýherja starfar samheldinn hópur að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum. Við leggjum áherslu á sterka liðsheid, uppbyggingu þekkingar og framsýna þjónustu til að mæta þörfum viðskiptavina. Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa samtals um 450 starfsmenn á Íslandi og í Svíþjóð.

Kynntu þér fleiri áhugaverð störf laus til umsóknar inni á vefnum okkar, nyherji.is/atvinna



Jón Björnsson
málameistari

Erlendur Eiríksson
málameistari



Kjörvari á við

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari er íslensk framleiðsla fyrir íslenskar aðstæður.



Málningarbúðin
Ísafirði

málning
-það segir sig sjálft-



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, netfang: bb@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfðum bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Lengur verður ekki beðið

Það er ekki auðgripíð til prenthæfra orða sem í reynd eiga við um það fyrirbrigði sem Teigsskógarmálið er; uppákoma þar sem þvergirðingsháttur embættismanna og sérhagsmunir fáeinna einstaklinga hafa tekið Vestfirðinga og stjórnmönd kverkataka og komið í veg fyrir vegaframkvæmdir, sem óumdeilt myndu styrkja stöðu þeirra byggða sem hlut eiga að máli.

„Skæklátog“ eins og þeir félagar vestra, Bjarni Georg Einarsson og Hallgrímur Sveinsson, kalla réttilega afstöðu Skipulagsstofnunar til nýrrar tillögu Vegagerðarinnar um vegstæði í gegnum „skóginn“ er sönnun þess að hagsmunir fólks, sem um áráðir hefur beðið eftir að samgöngulegri einangrun þess verði aflétt, eru ekki til marga fiska metnir.

Sýnt hefur verið fram á að vegur um Teigsskóg er ekki aðeins langóðyrasti kosturinn sem í boði er, þremur milljörðum króna óðyrari en sá næsti, heldur líka öruggasti.

Ríkisstjórn og Alþingi Íslendinga verða að láta til sína taka. Lengur verður ekki beðið. Þótt fyrr hefði verið, er kominn tími til að láta kné fylgja kviði í Teigsskógarvitleysunni. Vegaframkvæmdirnar á Vestfjörðum, sem nú loksins eru komnar á skrið, mega ekki stöðvast. Þótt tillaga tvímenninganna, Bjarna og Hallgríms, um flutning Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar til Dýrafjarðar sé sett fram með hálfkæringi, er hún fullrar athygli verð.

Gældýrið lágfóta

Fyrir margt löngu var haft eftir fróðum manni að vestan, að lífríkið á Ströndum ætti sér þrjá óvini: Númer eitt væru líffræðingar, í öðru sæti kom refurinn og minkurinn í því þriðja. Fyrir hálfum öðrum áratug lýsti refaskytta í Eyjafirði yfir þeirri sannfæringu sinni, að refir frá Vestfjörðum væru farnir að spígspora um heimaslóðir hans, e.t.v. í fæðisleit.

Vel má vera að gönguhrólfum á Hornströndum þyki gaman að geta sest niður með nestispokann og boðið vinalægum rebba að þiggja bita. Hvað sem því líður verður ekki fram hjá því horft að fjölgun refsins er sívaxandi vandamál. Svo virðist sem þingmenn og aðrir ráðamenn láti sig þá engu varða. Viðvaranir um ágang refsins í fuglabjörgunum á Hornströndum hafa farið inn um annað eyrað og út um hitt, hjá þeim sem með þessi mál hafa að gera af hálfu hins opinbera. Refurinn er ekki vandamál í exelskjali eftirlitsskrifstofunnar. Þar við situr. Tófan var, er og verður villidýr, dýrbýtur, hættuleg búfænaði. Þess vegna verður að hafa hemil á fjölgun hennar. s.h.

Spurning vikunnar

Á að bæta aðgengi ferðafólks á Hornströndum?

Alls svöruðu 389.

Já sögðu 176 eða 45%

Nei sögðu 213 eða 55%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Lögreglustöðin á Ísafirði.

Fjöldi kynferðisbrota- mála nær tvöfaldaðist

Kynferðisbrotamálum sem komu til meðferðar hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum á síðasta ári fjölgaði mikið frá árinu 2012, eða úr 13 í 24. „Mikil og öflug fjölmiðlaumræða hefur örugglega haft áhrif á að fleiri þolendur kynferðisbrota stigu fram og lögðu fram kærur vegna kynferðisbrota á árinu,“ segir í ársskýrslu lögreglustjórans á Vestfjörðum fyrir árið 2013. Þá segir að líkamsrásam hafi fækkað á sama tímabili, eða úr 24 í 20.

Í skýrslunni segir að sem fyrr hafi lögreglan reynt að sporna við sölu, dreifingu og neyslu fíkniefna í umdæminu og haft gætur á þeim einstaklingum sem upplýsingar liggja fyrir um að tengjast fíkniefnaneyslu. Haldlagningar voru 44 á árinu og var meðal annars lagt hald á rúmlega 300 grömm af kannabísefnum. Helming þess magns fann lögreglan í húsleit í heimahúsi á Ísafirði í júlímánuði. Þá segir að nærvera eða fjarvera örfárra dagneytenda geti haft mikil áhrif á markaðinn á litlu markaðssvæði.

Eitt banaslys varð í umdæminu

á síðasta ári. Í júnímánuði varð banaslys í Skötufirði þegar bílstjóri missti stjórn á ökutæki sínu, sem hafnaði utan vegar með þeim afleiðingum að hann lést. Einn farþegi var í bílnum og slasaðist hann ekki alvarlega. Rannsókn lögreglu leiddi í ljós að bílstjóri hafði ekki verið í öryggisbelti.

Í maímánuði 2013 var lögreglu tilkynnt um að líkamsleifar hefðu fundist í Kaldbaksvík á Ströndum. Við rannsókn málsins naut lögreglan á Vestfjörðum aðstoðar kennslanefndar á vegum ríkislögreglustjóraembættisins (ID). Hinn látni reyndist vera skipverji sem fallið hafði útbyrðis af togara sem hafði verið á siglingu djúpt út af Húnaflóa í desember þá um veturinn.

Í byrjun júnímánaðar 2013 voru björgunarsveitir og þyrila Landhelgisgæslu Íslands kallaðar út til leitar í Ísafjarðardjúpi að ungri erlendri konu sem hafði farið í göngu frá Heydal í Mjóafirði. Konan fannst hrakin uppi á hálendinu milli Mjóafjarðar og Skötufjarðar um 30 klukkustundum eftir að leit hófst. Um 150 björgunarsveitarmenn tóku þátt

í leitinni og komu leitarmenn víða að. Leitarmenn voru notaðir við leitina og Svæðisstjórn björgunarsveita á norðanverðum Vestfjörðum virkjuð. Þegar aðgerðum var lokið komu björgunarsveitarmenn á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum saman til rýnisfundar á Þingeyri ásamt lögreglu og var það álit fundarmanna að erfiðar og umfangsmiklar björgunaraðgerðir hefðu gengið vel.

Þann 20. júlí vaknaði grunur um að skipstjóri á dagróðrabáti sem staddur var við mynni Ísafjarðardjúps væri undir áhrifum áfengis. Vaktstöð siglinga (LHG) hafði samband við skipstjórnann og hvatti hann til að sigla til hafnar en hann varð ekki við því og gerði sig líklegan til að halda ferð sinni áfram. Þyrila Gæslunnar flaug vestur og hafði viðkomu á Ísafirði og tók lögreglu-mann um borð og seig hann ásamt einum áhafnarmeðlimi þýrlunnar um borð í bátinn. Skipstjórninn sem reyndist mjög ölvaður var handtekinn og var bátinum siglt til hafnar í Bolungarvík.

– harpa@bb.is

Nova komið með 4G net á Ísafirði

Í síðustu viku kveikti starfsfólk Nova á 4G farsímasendi á Ísafirði og ættu viðskiptavinir Nova sem eru með 4G síma að sjá 4G merkið á skjá símans. 4G þjónusta er háhraða netsamband fyrir farsíma og styður allt að tíu sinnum meiri hraða en hefðbundin 3G þjónusta. Þá er einnig hægt að fá 4G box hjá Nova sem hentar vel sem öflug heimatenging. 4G er heiti á fjórðu kynslóð farsímanetkerfa. Fyrsta kerfið sem flutti símtöl milli farsíma var NMT kerfið og

þar á eftir kom GSM eða 2G kerfið.

Með aukinni almenntri netnotkun kom krafa um að geta notað netið í símanum líkt og í tölvum og því kom 3G kerfið sem er í raun netkerfi frekar en símkerfi. Möguleikar á gagnaflutningum eins og að hlaða niður tónlist og horfa á kvikmyndir jukust með tilkomu 3G, þ.e. háhraðanets, auk þess sem tölvur jafnt og farsímar geta tengst kerfinu. 4G er næsta skref í háhraðanettengingum fyrir

tölvur, farsíma og fleiri nettengd tæki og er allt að tífalt hraðara en 3G og um þrefalt hraðara en hröðustu ADSL tengingar.

Viðskiptavinum Nova hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og í dag er Nova annað stærsta farsímafélag landsins með um 30% markaðshlutdeild. „Með 4G fá viðskiptavinir Nova mun hraðvirkara netsamband. Við bjóðum Ísfirðinga velkomna í 4G þjónustu Nova,“ segir Harald Pétursson hjá Nova. – smari@bb.is

AGA GAS ALLS STAÐAR



Ísafjörður: Þróstur Marzelliússon hf, s. 456 3349.
Súðavík: Búðin okkar, s. 456 5554.

Þú getur slakað á og upplifað öryggi við grillið með AGA gas.

Öryggi sem felst í notkun á gæðavörum AGA og góðri þjónustu þegar þú heimsækir umboðsmenn eða söluaðila til að fá áfyllingu á gashylkið.

Sem stærsti söluaðili própangass á norðurlöndunum býður AGA upp á margar stærðir og gerðir gashylkja. Sérfræðingar AGA geta veitt þér góð ráð um hvaða hylki hentar best miðað við aðstæður og hvernig best er að meðhöndla própangas.

Farðu á www.gas.is og finndu nálægan sölustað eða sæktu öryggisleiðbeiningar og fáðu upplýsingar um AGA gas.

„Ég ber einn ábyrgð“



Valdimar Lúðvík Gíslason, sérleyfishafi í Bolungarvík segist hafa verið neyddur til að bregðast við slysaðu sem myndast við Aðalstræti 16 í Bolungarvík. Hann hefur lýst yfir ábyrgð á skemmdarverkinu sem unnið var á húsinu aðfarnótt mánudag í síðustu viku. „Ég greip til neyðarréttar sem íbúar hafa. Þarna hefur legið við stórslysi. Það var nærri því búið að keyra á mann þarna í fyrra. Stór flutningabíll straukst utan í manninn og það stóð verulega tæpt að það hefði orðið verulegt slys,“ segir Valdimar Lúðvík. Hann segir að eldri borgarar þurfi að krækja fyrir húsið þar sem þjónusta fyrir þá er á þessu svæði. Bolungarvíkurkaupstaður ætlar að kæra Valdi-

mar Lúðvík en hann ætlar að beita fyrir sér neyðarrétti og segir fordæmi fyrir því í sögunni.

„Þegar Laxárstíflan var sprengd þá beittu menn fyrir sér neyðarrétti, þannig að hann er til. Ég læt dómstólum eftir að skera úr um það hvort hann gildi í þessu tilfelli,“ segir hann. Haft var eftir Elfasi Jónatanssyni, bæjarstjóra í Bolungarvík, að maður hefði hringt á bæjarskrifstofur og viðurkennt að hafa staðið fyrir skemmdarverkinu en að hann hafi ítrekað að annar maður hefði unnið verkið. Valdimar Lúðvík segir að hann hafi hringt í Elfas en segist einn bera ábyrgð á skemmdarverkinu. „Þetta eru orð Elfasar. Ég ber einn ábyrgð á þessu og enginn annar,“ segir

Valdimar Lúðvík og þegar hann er spurður hvort hann hafi sjálfur verið í gröfunni, ítrekar hann að hann beri einn ábyrgð á verknaðinum og hann ætli ekki að lýsa í hvernig hann bar sig að.

Hann segir að bæjaryfirvöld hafi brugðist við að tryggja umferðaröryggi í kringum húsið. „Ég vona að þeir sem eru við völd hafi nógu breið bók til að bera ábyrgð á því þegar þarna

verða slys, því það er ekki spurning hvort heldur hvenær það gerist. Ábyrgðin er bæjarráðs og sérstaklega Elfasar bæjarstjóra.“ Bolungarvíkurkaupstaður hefur farið fram á leyfi til að rífa húsið eða flytja það en því var hafnað af Minjastofnun vegna aldurs hússins. Valdimar Lúðvík segir það lygasögu að húsið sé frá 1909. „Húsið var byggt árið 1909 í Aðalvík og svo rífið spýtu fyrir

spýtu og byggt úr efninu hús í Bolungarvík í kringum 1920 sem síðar hefur verið breytt og bætt við. Þetta er allt annað hús en var í Bolungarvík. Það er verið að fara með rangar staðreyndir þegar húsið er sagt vera meira en 100 ára gamalt og bærinn hefði átt að fara með þetta fyrir dóm en þeir geta ekki staðið í lappirnar gagnvart Reykjavíkurlögreglu,“ segir Valdimar Lúðvík.



Freddy er sjö vikna yrðlingur af hvítu litarafrígðri.

Sprengir krúttskalann í Melrakkasetrinu

Freddy er sjö vikna yrðlingur sem starfsfólk Melrakkaseturs Íslands í Súðavík hefur tekið undir sinn verndarvæng í sumar og óhætt er að segja að hann sprengi krúttskalann. „Já, hann dafnar vel hérna hjá okkur og er miklu mannblendnari en bræðurnir Lítill og Trítill sem við vorum með í fyrra,“ segir Jónas Gunn-

laugsson aðstoðarframkvæmdastjóri Melrakkasetursins. Bræðurnir komu frá Stellu Guðmundsdóttur í Heydal í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi en þeir eru undan læðu hjá henni. Þeir voru vinsælir á meðal gesta setursins en voru þó ekki eins gæfir og mamma þeirra í Heydal og vildu lítið láta með sig.

„Við reynum samt að gera Freddy ekki háðan okkur mannfólkinu, hann fær ekkert að skríða upp í fangið á manni. Við sleppum þeim alltaf þegar þeir eru tilbúnir til að taka á við lífið einir og óstuddir, reynum að gera þá villta að nýju og hingað til hefur það tekist með ágætum,“ segir Jónas. – harpa@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

HÁMARKSHRAÐI 30 KM

Leyfður hámarkshraði á flestum götum þéttbýlis í Ísafjarðarbæ hefur verið 35 km m.v. klst. Samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á Vestfjörðum, að fenginni tillögu Ísafjarðarbæjar, mun leyfður hámarkshraði verða 30 km í stað 35 km. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu á næstu dögum skipta um umferðarskilti sem gefa til kynna breyttan hámarkshraða.

Lögreglan vill hvetja ökumenn að virða hraðatakmarkanir sem eingöngu eru gerðar í þágu umferðaröryggis. Skv. fyrirmælum ríkislögreglustjóraembættisins eru svokölluð viðmörk 3 km til og með 100 km mældum hraða og 3% ef mældur hraði er hærri. Þannig mega ökumenn sem aka yfir 33 km. hraða, þar sem hámarkshraði er 30 km., búast við að sektum verði beitt.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

NÝTT KORTATÍMABIL FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS



BÓNUS úrb. GRILL-Grísakótilettur



Bónus Ferskur heill kjúklingur



Bónus Ferskir kjúklingavængir



Bónus BBQ grill grísakótilettur



359 kr. 485g. 10 stk.



149 kr. 5 stk.



159 kr. 4 stk.



Bónus Ferskar kjúklingabringur



Frosnir Nautahamborgarar



259 kr. 360g. 4 stk.



259 kr. 250g



129 kr. 570g



Steiktur laukur 100g



MÁNUDAGA
MIÐVIKUDAGA
FÖSTUDAGA
NÝJAR BÓNUS
SAMLOKUR



Bónus nýbakað Langlokur



Bónus 6 stk. Kleinuhringir



Bónus nýbakað Mjúkar kringlur



HEIMA Einnota kolagrill



Bónus nýbakað Kjallarabollur með osti



ÖMMU Heilkorna flatkökur 4 stk.



98 kr. 70g



129 kr. 2 ltr.

ÚTSALA

40-60% AFSLÁTTUR

í JÓNI og GUNNU

Jón og Gunna verslun Austurvegur 2
400 Ísafjörður Sími: 456 3464

Hámarkshraði færður niður

Leyfður hámarkshraði á flestum götum þéttbýlis í Ísafjarðarbæ hefur verið 35 km/klst. Samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans á Vestfjörðum, að fenginni tillögu Ísafjarðarbæjar, verður leyfður hámarkshraði 30 km í stað 35 km, að því er fram kemur

í tilkynningu lögreglunnar. Starfsmenn Ísafjarðarbæjar munu næstu daga skipta um umferðarskilti sem gefa til kynna breyttan hámarkshraða.

Lögreglan vill hvetja öikumenn að virða hraðatakmarkanir sem eingöngu eru gerðar í þágu um-

ferðaröryggis. Samkvæmt fyrir-mælum ríkislögreglustjóraembættisins eru svokölluð vikmörk 3 km til og með 100 km mældum hraða og 3 % ef mældur hraði er hærri. Þannig mega öikumenn sem aka yfir 33 km. hraða, búast við að sektum verði beitt.



Grunnskóli Bolungarvíkur

auglýsir eftirfarandi stöður til umsóknar fyrir skólaárið 2014-2015:

100% kennarastaða á unglingastigi. Kennslugreinar: Náttúrufræði og samfélagfræði. 100% staða íþróttakennara og 100% staða þroskaþjálfara (eitt ár).

Hæfniskröfur:

Kennsluréttindi.

Góð hæfni í mannlegum samskiptum.

Ánægja af að starfa með börnum og unglingum.

Sveigjanleiki.

Áreiðanleiki.

Vegna kynjahalla í skólanum eru karlmenn sérstaklega hvattir til að sækja um.

Vinsamlegast sendið umsóknir á skólastjóra. Umsóknarfrestur er til 20. júlí nk., á netfangið sossa@bolungarvik.is eða í síma 861 7087.

Grunnskóli Bolungarvíkur er 130 nemenda skóli (1.-10. bekkur). Skólinn er mjög virkur í evrópsku samstarfi og mun í haust leggja af stað í breytingar á kennsluháttum á unglingastigi með opnara kerfi og óhefðbundinni stundaskrá þar sem nemendur þurfa að axla ríkari ábyrgð á eigin námi m.a. með vinnustöðvum í skóla. Íþróttahús og sundlaug eru tengd skólanum. Aðeins er 10 mín. akstur til höfuðstaðarins, Ísafjarðar, í gegnum Bolungarvíkurgöng. Almennt er mann- og menningarlíf á svæðinu gott þar sem einfaldleikinn, friðsældin og nándin einkennir samfélagið.

Ferðapjónusta á bjargbrúninni

Ferðamönnum fjölga mjög á Íslandi, einkum hinum útlendu. Nú er svo komið að sá geiri atvinnulífsins sem mestu skilar í þjóðarbúið mun vera ferðapjónustan. Það hefur mikla kosti en einnig nokkra ókosti. Ráðamenn hljóta að spyrja sig þeirrar spurningar hve mikla átroðslu Ísland þoli með sína rúmlega 320 þúsund íbúa? Allir telja sig sjá gullið við enda regnboga hinnar margrómuðu ferðapjónustu. Margir vilja taka þátt í kapphlaupinu og vilja fá mikinn fjölda útlendra ferðamanna til Íslands og taka til sín bita af kökunni. Allir vilja verða ríkir á því að þjónusta ferðamennina. En nú verða forsvarsmenn ferðapjónustu að fara að spyrna við fæti og hugsa málin á nýjan hátt. Hið ágæta lággjaldaflugfélag Easy Jet stefnir að stóru auknum innflutningi erlendra ferðamanna til Íslands. Nú virðist ekkert í veginum fyrir því að félagið verði snöggtum stærra og umsvifameira en hið íslenska WOW air á Íslandi.

Ísland hefur margt að bjóða ferðabyrstum útlendingum og reyndar Íslendingum, en sumum okkar finnst við vart komast fyrir í okkar eigin landi þegar mest gengur á. Alls staðar eru útlendingar að skoða landið og vilja njóta þess sem fyrir augu ber og upplifunar af Íslandi og við vonum að þeim verði að ósk sinni. En á þessum miklu ferðatímum er það svo að bæði land og fólk er hægt og

bítandi að láta undan. Ísland er mikil náttúruþaradís og margt hér á landi sem ekki er að sjá og finna annars staðar í heiminum. En innviðirnir þola sennilega ekki mikið meira. Vegakerfið ber ekki mikið meira og hálendisvegir þola ekkert til viðbótar við þá ánað sem þeir nú búa við. Alþjóðaflugvöllurinn í Keflavík ber ekki lengur umferðina sem þegar fer um hann.

Bágborið vegakerfi Íslands hentar illa mörgum útlendingum og hálendið alls ekki. Illa gengur að halda ferðamönnum frá hálendinu og margir þeirra fara þar um á litlum fólksbílum sem engan veginn er ætlaðir til hálendisferða. Suma þarf að sækja upp á hálendið með ærnum kostnaði. Það er þó hátíð miðað við þá sem fara gangandi um óbyggðir eins og Hornstrandir og líkt og nýlegt dæmi sýnir þarf svo að sækja ef illa fer. Það er röng afstaða að hafa ekkert eftirlit með því hverjir fara um landið og velta svo kostnaði af dýrum björgunaraðgerðum yfir á skattgreiðendur og sjálfbóðaliða í björgunarsveitum. Hér þarf nýja nálgun, stýringu inn á ferðasvæði bæði í byggð og óbyggð.

Því er gjaldtaka á vinsælum viðkomustöðum ferðamanna ein leið ferðapjónustu sem mun fara fram af brún hengiflugs verði ekkert að gert.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-lega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrif- um **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

RÝMINGAR

SALA

Á SUMARVÖRUM

Allt að
50%
afsláttur



OUTBACK

**GASGRILLIÐ
FYLGIR!**

Ef þú kaupir pallaefni
fyrir 100.000 kr. eða meira
færðu Outback gasgrill
í kaupbæti.

GARÐHÚSGÖGN 30%
FERÐAHÚSGÖGN 40%
SUMARBLÓM 20-50%
TRÉ OG RUNNAR 50%
TJÖLD 30%
GARÐLEIKFÖNG 40%
REIÐHJÓL 30%
REIÐHJÓLAHJÁL MAR 50%
BLÓMAÚTIPOTTAR 30%
GOSBRUNNAR 30%
FRÆ 30%
GARÐSTYTTUR 30%
OG ÓTAL MARGT FLEIRA

EINNIG ÚTSALA Í MÖRGUM VÖRUFLOKKUM:

GARÐVERKFÆRI 20%
HEKKKLIPPUR 25%
CLABER GARÐVÖRUR 40%
KEDJUSAGIR 25%
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
BÚSÁHÖLD 30-50%


blómaval



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmíðjunnar.
Úrval af rýmingarsöluvörum getur verið misjafnt milli verslana.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Vel heppnuð Sæluhelgi

Það gekk rosalega vel. Veðrið hefði getað verið betra en á lykilstundum lægði og þá var allt í góðu. Til dæmis þegar fjölskylduhátíðin var á föstudagskvöld, þá lægði og við vorum líka búin að setja upp risatjald. Þannig að veðrið var alveg í lagi, kalt en ekki rok og rigning, slapp fyrir horn ef svo má segja,“ segir Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir mansavinur um nýafstaðna bæjarhátíð á Suðureyri. Hátíðin hefur verið við lýði í aldarfjórðung og koma gestir víða að til að taka þátt í fjörunu.

Aðspurð hvað hafi staðið upp úr af dagskrá helginarinnar á hún erfitt með að velja.

„Það er svo margt. Húsráðendur í Botni tóku vel á móti fólki í fjósið með kaffi oghjónabands-sælu og alveg sama þó ekki væri sól þá var gengið á Hádegishorn. Matarganga Fisherman var líka vinsæl og að sjálfsögðu Mansakeppnin sem er kjarninn í þessu öllu. Hafnarkanturinn var þétt raðaður krökkum undir 12 ára aldri en foreldrar máttu vera svona aðstoðarmenn. Söldís Eva Blöndal fór heim með alla þrjá bikanara í keppninni, fyrir stærsta marhnútinn, þyngsta og einnig fyrir mesta fjöldann.“ segir hún. Þess má geta að fiskurinn er mældur en síðan er honum ávallt sleppt lifandi.

„Síðan var markaður alla helgina, seldur matur og handverk og harðfiskur og svo var náttúrulega á föstudag Smalarnir með dúndurball. Þetta var eins og sveitaböllin gerast best, og þetta eru strákar héðan sem eru að spila allt og kunna allt sem beðið er um,“ segir Ragnheiður Björk.

Söngvarakeppnin fór fram á sunnudag en þar er keppt um bronss-, silfur- og gullbarkann en



einnig RABBabikarinn sem bjartasta vonin hlýtur. Sá bikar er veittur í minningu Rafns Jónssonar tónlistarmanns. Bjartasta vonin 2014 er Embla Róbertsdóttir. Í bronsflokki var Vigdís Eva Blöndal í þriðja sæti, Þórhildur Helga Pálsdóttir í öðru og Theódór Pálsson og Embla Róbertsdóttir deildu fyrsta sætinu. Í silfurflokki var Margrét Linda Antonsdóttir í öðru sæti og Katla Vigdís Vernharðsdóttir í fyrsta sæti. Í gullflokki fullorðinna var Perla Sigurðardóttir í fyrsta sæti og Kata Sveinbjörnsdóttir í öðru sæti.

„Övissuferðin sló í gegn hjá unglingunum eins og áður en hún hefur alltaf lukkast vel. Svo má ekki gleyma keppninni um Sæluhelgarlagið en í þetta sinn sigraði lag sem heitir Heima. Hafrún Huld Einarisdóttir samdi bæði lag og texta, Una Stefánsdóttir söng



og hljómsveitin Smalarnir sáu um undirleik. Þá má líka nefna þessar hefðbundnu greinar helgarinnar eins og húsmæðraboltann, sleggjukastið, skókastarna, gjarðaskott og fleira. Þetta kryddar allt tilveruna og alveg sama

hvernig veðrið er, íbúafjöldinn tvöfaldast alltaf. Þetta er bara eins og stórt ættarmót,“ segir Ragnheiður Björk.

Aðalskipuleggjandi í gegnum árin hefur verið Ævar Einarsson. Hans hægri hönd síðustu ár hefur

verið Ragnar Guðleifsson en að auki hafa fjölmargir lagt hönd á plóg að sögn Ragnheiðar. „Svo er heilmikill kostnaður í kringum svona hátíð og hafa allnokkur fyrirtæki sýnt okkur velvild og stutt okkur,“ segir Ragnheiður.

Sælkerar vikunnar eru Steiney Ninna Halldórsdóttir og Agnar Ebeneser Agnarsson á Ísafirði

Saltfiskur og Slutty Brownies

Ég ætla að gefa uppskrift af saltfiskrétt sem hefur slegið í gegn á mínu heimili, bragðast mjög vel. Síðan er kaka, nánast eins og sælgæti stjúpsonur minn sem er 9 ára elskar þessa köku og biður mikið um hana.

Saltfiskréttur

2 flök af saltfiski
1 stk sæt kartafla
Mexíkó ostur
¼ líter rjómi
Rifinn ostur

Aðferð:

Afhýðið og skerið sæta kartöflu í sneiðar, og sjóðið. Skerið fiskinn í bita og leggið í eldafast


mót, þegar kartöflurnar eru soðnar leggið sneiðarnar yfir fiskinn. Sjóðið saman ostinn og rjómann og hellið yfir réttinn. Rifna ostinum stráð yfir (algjörlega smekksatriði hvort hann er notaður). Sett inn í ofn á 180° í 20 – 30 mínútur. Gott að hafa með ferskt salat, hrísgrjón eða hvítlauksbrauð.

Slutty Brownie

1 pakki af Betty Crocker Chocolate Chip Cookie Mix (eða heimagernt möffinsdeig)
1 pakki af Betty Crocker Chocolate Fudge Brownie Mix
2 pakkar af Oreokexi

Egg
Olía
Vatn


Fyrst skal búa til súkkulaðibitakökudeigið – bara samkvæmt fyrirmælum á kassanum (það er betra að bæta við auka matskeið af bæði vatni og olíu svo að deigið verði blautara). Setjið bökunarpappír í eldfast mót og fletjið deigið út í botninn á því. Oreokexið fer þar ofan á. Síðan er Browniemixið hrært saman – samkvæmt fyrirmælum á kassanum. Því er síðan hellt yfir Oreoið og smurt vel og vandlega yfir allt. Þessu er síðan skellt inn í heitan ofn á 180° og látið bakast



í ca. 25 mínútur. Þegar kakan hefur kólnað, er hún skorin í bita og borðuð. einnig er gott að borða hana volga og hafa þá ís eða

rjóma með.

Við skorum á Lindu Rut Ásgeirsdóttur og Ara Jóhannsson að vera næstu sælkerar.



SALTFISKVEISLA BYGGÐASAFNS VESTFJARÐA **VERÐUR HALDIN 19. JÚLÍ KL. 19 Í TURNHÚSINU**

**BACALAOBAND VALDA MÓSA SKEMMTIR GESTUM
UNDIR BORDHALDI OG FRAM Á NÓTT**

**Í HLJÓMSVEITINNI ERU VALDIMAR OLGEIRSSON, SEM LEIKUR Á KONTRABASSA,
HALLDÓR SMÁRASON Á PÍANÓ OG HARMÓNIKKU, KRISTINN GAUTI EINARSSON
Á SLAGVERK OG UM SÖNGINN SÉR LILJA BJÖRK RUNÓLFSDÓTTIR.**

**VERÐLAUNAELDHÚS TJÖRUHÚSSINS
SÉR UM ELDAMENNSKUNA**

**ÞAR SEM MAGNÚS HAUSSON OG
RAGNHEIDUR HALLDÓRSDÓTTIR
TÖFRA FRAM DÝRÐLEGA SALTFISKKRÉTTI**

VERÐ ADEINS 5.500

**PANTANIR Í SÍMA:
456-3299 & 896-3291**



BYGGÐSAFN VESTFJARÐA

Gaman að þýða bækur um ólíka menningarheima

Herdís Hübner hefur íslenskað ýmis ritverk á síðustu árum og hlotið mikið lof fyrir. Hún hefur fengið við þýðingar í mörg ár, úr þýsku og dönsku og undanfarið mest úr ensku, í fyrstu aðallega á smásögum og ljóðum sem birtust í ýmsum blöðum og voru flutt í útvarpi. Einnig hefur hún samið smásögur fyrir börn og unglinga sem hafa birst í blöðum og komið út hjá Námsgagnastofnun.

Fyrsta skáldsaga í þýðingu Herdísar kom út árið 2005 en síðan hafa ýmis verk verið íslenskuð af henni. Má nefna sem dæmi bandarísku metsölubókina *Borða, biðja, elska* eftir Elizabeth Gilbert, sem nefnd var ein af 100 eftirtektarverðustu bókum ársins 2006 af *The New York Times* og valin ein af 10 bestu bókum ársins af *Entertainment Weekly*.

Herdís sinnir þýðingum í hjáverkum, en hún starfar sem kennari við Grunnskólann á Ísafirði og spannar kennaraferill hennar rúma þrjá áratugi. Þar kennir hún íslensku, ensku, dönsku, þýsku og spænsku og stundum frönsku líka. Hún hefur orðið vitni að miklum breytingum frá því að hún steig sín fyrstu spor sem kennari.

Þýðingarnar geta verið talsverð glíma

Í vor komu út hjá Söllu tvær bækur í þýðingu Herdísar, *Stúlkan frá Púertó Ríkó* og *Síðasta orðsending elskhugans*.

„Önnur þeirra hafði verið í bið hjá útgefandanum í nokkurn tíma af ýmsum ástæðum, en þetta er erfiður bransi og oft áhættusamt að gefa út þýddar skáldsögur. Síðasta orðsending elskhugans er rómantísk skáldsaga eftir breska rithöfundinn Jojo Moyes. Hin er eftir Esmeröldu Santiago og fjallar um stelpu í Púertó Ríkó sem flutti til New York þegar hún var 12 ára. Bókin byggir á ævi Esmeröldu sjálfrar og lýsir uppvaxtarárum hennar í Púertó Ríkó og viðbrigðunum við að flytja til New York á þessum aldri. Mér finnst mjög gaman að sögum sem fjalla um ólíka menningarheima og kynna fyrir manni önnur lönd og aðrar þjóðir,“ útskýrir Herdís.

Fyrsta skáldsagan í fullri lengd í þýðingu Herdísar var *Hjómið* eitt eftir Söndru Benítez.

„Ég valdi hana sjálf og fannst

hún einmitt mjög áhugaverð að því leyti, að hún gerist í El Salvador á tímum borgarastríðsins og segir frá stéttaskiptingu og ýmislegu öðru sem tengist þessu fjarlæga landi og menningu þess. Mér finnst þannig viðfangsefni mjög spennandi.“

– Er mismunandi erfitt að þýða bækur eftir uppruna þeirra?

„Ekki svo mjög, þar sem mínar bókaþýðingar hafa allar verið upp úr ensku, en samt getur uppruninn skipt máli eins og t.d. í bókinni *Dóttir húshjálparinnar* sem gerist í Suður-Afríku. Þar komu fyrir ýmis orð sem ég hafði ekki áður í mínum orðaforða, meðal annars um dýr og gróður sem ekki þekktist annars staðar, auk þess sem enskan í Suður-Afríku er ólík þeirri ensku sem töluð er t.d. í Bandaríkjunum. En það er bara skemmtilegt að takast á við slíkar áskoranir.“

– Er ekki ákveðin list að ná blæbrigðum og anda rithöfundarins í þýðingu verka?

„Það getur verið það, sérstaklega ef rithöfundurinn hefur sérstakan stíl. Þá reynir maður eftir bestu getu að fylgja því eftir og gera góð skil, en það getur stundum verið snúið. Maður verður auðvitað alltaf að vera textanum trúr og passa að fletja ekki út það sem rithöfundurinn hefur komið á blað. Það getur verið svolítill glíma.“

Er með mann í bókaskrifum

– Hversu langan tíma tekur að þýða eina meðallanga skáldsögu?

„Það er mjög misjafnt. Ég var þrjú ár með fyrstu bókina mína enda var ég óreynd og gaf mér góðan tíma. En svo þjálfast maður í þessu og nú er ég einungis nokkra mánuði með hvert verk. Þetta er ekki föst vinna heldur fæ ég verkefni af og til. Eins og ég sagði, þá er bókaútgáfa á Íslandi erfiður bransi, markaðurinn er svo lítill og ekki er grundvöllur fyrir að þýða nema rétt brot af þeim bókmenntum sem í boði eru, sem að mínu mati er mikil synd. Vanalega eru það metsölubækur frá öðrum löndum sem eru þýddar yfir á íslensku, en allt of lítið er þýtt af fagurbókmenntum, sem hafa kannski meira gildi, þó svo að þær seljist ekki allar vel.“

Ég horfði nýlega á viðtal við Friðrik Þór kvikmyndaleikstjóra,

þar sem hann hélt því fram að öflug kvikmyndagerð stuðlaði að heimsfriði vegna þess að gegnum kvikmyndir kynnumst við öðrum þjóðum, menningu þeirra og kjörum. Ég tel að þetta megi ekki síður heimfæra upp á bókmenntir og held að það sé mjög mikilvægt að þýða erlendar bókmenntir á íslensku, helst frá öllum heimshornum. Einnig má nefna tungumálanám og ekki síður ferðamennsku. Allt eru þetta sandkorn á vogarskálur til þess að auka þekkingu og skilning og bæta samskipti milli þjóða og menningarheima.

– En hefur það aldrei kitlað þig að fara sjálf út í ritstörf?

„Nei ég get nú ekki sagt það. Ég hef eitthvað skrifað af sögum fyrir börn og unglinga og brot af því hefur verið gefið út, en ég læt mér það nægja. Enda er ég með mann í því,“ segir Herdís brosandí og á þar við son sinn, verðlaunahöfundinn Eirík Örn Norðdahl. „Nei, það nægir mér alveg að þýða góðar bækur og liggur ekki fyrir mér að skrifa þær.“

Krakkarnir miklu frjálsari hér áður fyrr

Herdís á að baki rúmlega þriggja áratuga feril sem kennari. Eins og gefur að skilja hefur hún á þeim tíma orðið vör við miklar breytingar, bæði á skólastarfi og samfélaginu í heild.

„Ég byrjaði að kenna haustið eftir að ég varð stúdent, skólaárið 1974-75. Síðan starfaði ég sem ritari við Menntaskólann á Ísafirði í fimm ár og kenndi síðar við skólann einn vetur. Frá því hef ég starfað sem grunnskólakennari.“

Það hefur mikið breyst frá því að ég byrjaði, starfshættir við kennsluna, samfélagið, börnin sjálf hafa breyst og allar aðstæður þeirra. Það er því ekki margt sem hefur staðið eins frá því að ég tók mín fyrstu skref sem kennari. Í raun er þetta gjörólíkur heimur. Börn sem nú innritast í 1. bekk hafa að baki margra ára skólagöngu í leikskóla en þannig var það ekki þegar ég byrjaði. Krakkar voru miklu frjálsari hér áður fyrr, gengu að mestu sjálfala, og þegar ég byrjaði að kenna voru 15-16 ára krakkar nánast fullorðin fólk. Margir luku skólagöngu sinni í gagnfræðaskóla 16 ára og héldu út í atvinnulífið og byrjuðu

brauðstritið árið eftir.

Í dag finnst mér unglingar almennt jákvæðari gagnvart skólanum og ekki jafn uppteknir af einhverjum töfðaraskap, það t.d. þekktist varla að grunnskólarnemar á Ísafirði reyki eða drekki. Ég held að það sé óhætt að segja að krakkar hafi verið mun uppátækjasamari í denn. Sérstaklega varð ég vör við það fyrsta veturinn minn sem kennari enda þá ung og óreynd og ekki svo mikið eldri en þau sem ég var að kenna, svo það hefur kannski verið sérlega gaman að stríða mér. Ég byrjaði að kenna við gagnfræðaskólann og færði mig svo yfir í barnaskólann og flaut síðan með þegar skólarnir voru sameinaðir í einn grunnskóla. Nú er ég aftur farin að kenna unglingastiginu og því má segja að ég sé komin heilan hring.“

Þróunin í skólastarfinu hröð

– Hvort finnst þér skemmtilegra að vinna með yngri eða eldri krökkum?

„Ég vann mjög lengi með yngstu krökkunum og þegar ég fór aftur upp á unglingastigið leið mér eins og ég hefði skipt um starf, því mér fannst það svo ólíkt, en hvort tveggja finnst mér mjög gefandi. Mér hefur alltaf þótt gaman að kenna og það hefur ekkert breyst. Það er ljúft og yndislegt að vera með litlu krökkunum. Hins vegar finnst mér líka mjög gaman að kenna tungumál og ég fæ tækifæri til þess með unglingunum.“

Það er mikil þróun í skólastarfinu og gaman að fylgjast með henni. Mér finnst breytingarnar gerast mjög hratt og varla hægt að bera saman skólann í dag við það sem hann var fyrir fimm eða tíu árum. Það er eðlilegt að skólinn fylgi þeirri þróun sem á sér stað í samfélaginu og mér finnst hann reyndar eiga að vera í fararbroddi.“

Aðspurð segir Herdís að aukin tækniþekking og hnattvæðing hafi vissulega áhrif á kennsluna.

„Nú er meiningin að tveir árgangar fái iPad á næsta ári. Við reynum að fylgja með tækniþróuninni og ég held að við stöndum bara ágætlega í þeim efnum. Bæði erum við þökkalega búin að tækjum og tólum og höfum haft góða tölvukennara. En eins og gefur að skilja þarf reglulega



að endurnýja tækjakostinn og fylgja nýjustu straumum til að verða ekki eftir á. Nú þykir til dæmis ekki lengur góð latína að vera með tölvuver heldur eiga tölvurnar að vera dreifðar um allan skólann. Ekki er nú svo langt síðan að það þótti bara mjög fínt að vera með tölvustofu.

Auðvitað breytist kennslan með allri þessari tækni. Það er auðvelt að vera í samskiptum við fólk um allan heim og afla sér næstum hvaða upplýsinga sem er með einni snertingu. Maður má hafa sig allan við að fylgja breytingunum eftir, það gengur ekki lengur að vera fastur í einhverri kennslubók allan veturinn!

Kennir barnabörnum fyrstu nemenda sinna

Eftir svo langan tíma sem kennari hafa margir af núverandi máttarstólpum bæjarfélagsins hennar Herdísar setið í skólastofunni hjá henni. Þegar blaðamaður spyr hvort það sé ekki skrítn tilfinning brosir hún breitt og segir: „Mér finnst það nú bara mjög skemmtilegt að hugsa til þess að sumt af því fólk sem nú ber uppi samfélagið hafi einhvern tíma verið nemendur mínir. Sem dæmi, þá var Ólína Þorvarðardóttir, sem óparfi er nú að kynna, í bekk sem



ég kenndi fyrsta veturinn.

Það er auðvitað mjög gaman að sjá nemendur sína blómstra sem fullorðið fólk, sama á hvaða sviði það er. Og ekki síður gaman að sjá að margir þeirra sem voru hvað uppátækjasamastir hafa oft á tíðum spjarað sig best. Nú er ég búin að kenna svo mörgum að barnabörn fyrstu nemenda minna eru meðal þeirra sem ég hef verið að kenna síðustu árin. Svona er bara lífið, ekki annað hægt en að hafa gaman af því.“

Blaðamaður rifjar nú upp baráttupistil Herdísar á verkalyðsdeginum 1. maí á Ísafirði árið 2012, þar sem hún drap á nemendafækkun í skólanum. Það er því ekki úr vegi að spyrja hvort hún telji það enn vera vandamál.

„Ef rýnt er eingöngu í tölurnar sýnist mér að hlutfallslega hafi fækkað meira í skólanum en bæjarféluginu í heild, en um tíma fækkaði um 25 nemendur á ári hverju í skólanum. Sem er vitanlega mikil blóðtaka.“

Það stafaði að mestu af því að árgangarnir sem voru að koma inn í skólann voru fámennari en þeir sem útskrifuðust. Vandinn er enn til staðar og íbúum hér fækkar óhugnanlega hratt. Það voru u.þ.b. 350 krakkar í skólanum á síðasta ári en fyrir 10 árum

voru krakkarnir 544. Íbúum í Ísafjarðarbæ hefur fækkað um 500 á sama árabili.

Með sama áframhaldi tekur bara nokkur ár að tæma bæinn. Fyrir utan hve sárt er að horfa á nemendafjöldann dragast saman er líka alltaf erfitt að sjá á eftir rötgrónum Ísfirðingum hverfa á braut og maður getur ekki annað en haft áhyggjur af þessari hnignun.“

Óútskýranlegur sjarmi Ísafjarðar

Herdís hefur búið á Ísafirði í rúma fjóra áratugi og ber sterkar taugar til bæjarins síns eins og skín berlega í gegn þegar talið berst að íbúafækkun.

„Mér finnst samfélagið hér fyrir vestan vera afar gott og skemmtilegt og ég vona innilega að hægt sé að snúa þessari öflug-þróun við. Það er ýmislegt hægt að gera ef viljinn er fyrir hendi, en mér finnst stjórnvöld síðustu áratuga ekki hafa sýnt því neinn áhuga. Við þurfum engar ölmusur, bara sjálfsagða hluti eins og t.d. góðar samgöngur, bærilegt orkuverð og frelsi til að veiða fisk eins og Vestfirðingar hafa gert um aldir. Þegar fækkar í samfélaginu veikist það, og það hefur keðjuverkandi áhrif sem

valda því að þjónustan minnkar. Það snertir okkur öll og það er hagur allra að sporna gegn því. Ef jaðarbyggðir hverfa færast jaðarinn til, og með þessu áframhaldi verður Ísland fljótlega orðið jaðarbyggð í Evrópu. Heldur fólksflóttinn þá ekki áfram, til London og Berlínar? Það er ekki eins og það sé sérstaklega hagkvæmt að búa á Íslandi yfirleitt, það má færa öll sömu rök gegn búsetu á landinu eins og færð eru gegn búsetu á Ísafirði – það sé alltof kalt og samgöngur erfiðar og svo framvegis.“

Þegar ég fluttist í bæinn 1972 var mikill uppgangstími. Fólkið hér var með því tekjuhæsta á landinu og þegar við keyptum húsið okkar í Sundstrætinu var húsverð á Ísafirði sambærilegt við Reykjavík. Þá var verið að byggja hverfið inni í firði og margir fluttust vestur. Nú er þetta orðið láglaunasvæði og ég veit til dæmis að fyrirtæki sem eru með starfsstöðvar bæði hér og í Reykjavík leyfa sér að borga starfsfólki sínu lægri laun á Ísafirði. Svona nokkuð er óþolandi.

Reyndar var ekki ætlunin að setjast hér að í byrjun. Ég kom til að klára síðustu tvö árin í menntaskóla og var í fyrsta stúdentsárgangi Menntaskólans á Ísa-

firði, en ég hafði áður verið í Verzlunarskólanum. Maður gerði sér nú kannski ekki fulla grein fyrir því þá, en setning menntaskólans hér hefur ábyggilega skipt samfélagið gríðarlegu máli. Ég veit í raun ekki hvar við værum í dag ef hann hefði ekki komið til. Ég held að margir taki honum sem sjálfsögðum hlut í dag, og það gerist eðlilega með tímanum að við gerum meiri kröfur um þjónustu og sættum okkur ekki við hlutina eins og þeir voru þá. Til dæmis að ekki var í boði að keyra suður yfir vetrartímann. Ef ekki var flogið, þá fór maður ekki fet, og það þurfti að redda varðskipi til að ferja fólk í neyð. Við myndum ekki setta okkur við það í dag og viljum eðlilega hafa aðgang að sömu þjónustu og aðrir landsmenn.“

Er hreint ekki á förum

Þegar blaðamaður spyr hvort Herdís hafi nokkuð í hyggju að flytjast á brott er hún fljót að svara neitandi.

„Ég sé ekki fram á annað en að eyða ævikvöldinu hér. Ég er nú svo heppin að börnin mín búa öll hér, en jafnvel þó svo væri ekki, þá myndi ekki sjá ástæðu til að elta þau eitthvað annað. Ég kann afar vel við mig hér og sé ekki

fram á að ég myndi hafa það neitt betra einhvers staðar annars staðar.“

Alveg frá því að ég var barn og heimsótti afa minn vestur eftir að amma féll frá hefur Ísafjörður heillað mig. Eins og hjá svo mörgum öðrum hefur þessi staður eitthvert tak á mér, maður getur talið upp alla kostina við að búa hér, en raunin er að bærinn hefur líka einhvern sjarma sem erfitt er að útskýra.“

Þegar viðtalinu er lokið og blaðamaður býr sig undir að kveðja uppljóstrar Herdís ástæðunni fyrir því að hún samþykkti að koma í viðtal er Bæjarins besta hafði samband. Blaðamaður stenst ekki mátið að gauka því að lesendum :

„Þegar ég var ung var þegar byrjað að tala um að hallaði á konur í fjölmiðlum og afsökunin var sú að erfitt væri að fá konur til þess að koma í viðtöl, skrifa greinar, halda ræður eða tjá sig yfirleitt. Þá lofaði ég sjálfri mér því, að ef ég yrði einhvern tímann beðin um eitthvað slíkt myndi ég ekki skorast undan. Og ég hef staðið við það – þó ég hafi ekki frá neinu sérstöku að segja,“ segir þessi högværa kona með bros á vör.

–Thelma Hjaltadóttir.

Dagar Íslands

17. júlí 1989: Langferðabíreið með 27 norræna jarðfræðinga fór út af veginum á Möðrudalsöræfum og hrapaði 40 metra niður í gil. Flestir sluppu lítið meiddir.

18. júlí 1931: Framkvæmdir hófust við verkamannabústaðina við Hringbraut, Bræðraborgarstíg og Ásvalla-götu í Reykjavík. Alls voru íbúðirnar 54 og var flutt inn í flestar þeirra í maí 1932.

19. júlí 1974: Varðskipið Þór stóð breska togarann C. S. Forester að ólöglegum veiðum og varð að elta hann um 120 mílur á haf út. Varðskipið skaut átta skotum að togaranum og kom leki að honum. Skipstjórinn, Dick Taylor, hlaut fangelsisdóm fyrir brotið.

20. júlí 1946: Áætlunarbífreid
hvolfdi við Gljúfurá í Borgar-
firði. Fimmtán af 22 farþegum
slösuðust en enginn alvar-
lega. Eldur kom upp í bifreið-
inni og brann hún til ösku.

21. júlí 1936: Sverðfiskur á land við Breiðdalsvík, en fá dæmi voru þess að slíkur fiskur hefði fundist norðar en við Englandsstrendur.

22. júlí 1939: Tveir þýskir kaþbátar komu til Reykjavíkur, rúmum mánuði áður en heimsstyrjöldin skall á. Þetta voru fyrstu kaþbátar sem komið höfðu í íslenska höfn.

23. júlí 1929: Harður jarðskjálftakippur fannst í Reykjavík og víðar. Hann var talinn vera 6,3 stig. Skemmdir urðu á húsum. Upptökin voru við Brennisteinsfjöll.

23. júlí 1983: Tívirnarnir Páll og Guðmundur Gislasynir í Reykjavík héldu upp á átt-ræðisafmæli sitt, en það mun vera einsdæmi hér á landi. Þeir voru báðir bílstjórar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Suðaustan 8-13 m/s og víða
rigning eða úrkomulífið NA-
til. Hiti 11-20 stig. Hljýjast á
Norðurlandj.

Horfur á laugardag:
Suðaustan 8-13 m/s og víða
rigning eða úrkomulífið NA-
til. Hiti 11-20 stig. Hlýjast á
Norðurlandi.

Horfur á sunnudag:
Hægir vindar, úrkomu-
lítið og hlýtt í veðri.

Krossgátan

[illegible]

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is



GARÐATUNNAN

**240 lítra tunna
á hjólum**

Sími: 456 3710
gamarvest.is



Afsláttur vegna aukalokunar?

Leikskólarnir Sólborg, Laufás, Tjarnarbær og Grænigarður í Ísafjarðarbæ, verða framvegis lokaðir á aðfangadag og á Gamlársdag. Leikskólastjórar skólanna fór þess á leit við sveitarfélagið og var beiðni þeirra tekin fyrir á fundi fræðslunefndar í byrjun síðasta mánaðar.

Nefndin óskaði þá eftir umsögn frá foreldraráðum skólanna auk þess sem málið var kynnt fyrir öllum foreldrum barna í skólunum. Málið var aftur tekið fyrir og þá lagðar fram ályktanir frá foreldraráðum Laufáss og Sólborgar, en ekki komu ályktanir frá öðrum foreldraráðum. Eins og áður segir samþykkti fræðslunefnd erindið og beinir því til jafnframt til bæjarráðs að skoða hvort að gefinn verði afsláttur í samræmi við aukalokun.

Leyfismál í góðum farvegi

Eins og greint hefur verið frá, sendu bæjaryfirvöld á Akureyri bréf til 70-80 fasteignaeigenda í tengslum við átak til að fylgjast með útleigu á gistirými í sveitarfélaginu. Skipulagsstjóri bæjarins sagði að full þörf hafi verið á að kanna hvort allir fari að settum reglum og hafi tilskilin leyfi fyrir gististarfsemi. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist ekki telja aðkallandi að fara í samskonar könnun í sveitarfélaginu, ekki enn í það minnsta.

„Við höfum afgreitt talsvert mörg leyfi til þessara hluta og teljum að þetta sé í nokkuð góðum farvegi. Ábendingar um annað eru þó vel þegnar og nauðsynlegt er að fólk geri sér grein fyrir því að slíkur rekstur veldur hækkun fasteignaflokks,“ segir Gísli Halldór.

Bílastæði verði felld út

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt tillögu umhverfisnefndar um deiliskipulagið „Eyrin Ísafirði – Austurvegi.“ Umhverfisnefnd lagði til að deiliskipulagið yrði samþykkt með þeirri breytingu, að bílastæði á lóðarmörkum Austurvegar 11 og 13 verði felld út. Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 er svæðið sem um ræðir skilgreint sem skólalóð.

Frá árinu 1997 hefur leiðin um Austurveg verið lokað frá kl. sjö til fjögur á daginn til að veita skólabörnum aðgang að stærra leiksvæði.

Þjónustuauglýsingar

				Jón Steingr.		V		E			F
	V	I	N	G	S	A	R				
	A	Ð	A	N		L	Á				
	G			I	L	L		A	F	L	A
	Ó	R	Á	Ð	S	Í	A		E	R	R
Ó	Ð	I	N	N		K	R	Ó	N	A	
	I	Ð	A		R	A	G	N		H	Á
	M	A	U	S	A		H	Á	L	A	R
G	A	R	Ð		K	R	O	T		N	N
E	Ð	A		B	E	T	L	A	N	D	I
	U	R	M	U	L		A		Ó	A	
	R	A	U	S		Ó	B	E	R	M	A
	↓			I	K	K	E		A	U	M
Ó	H	Ó	F		Á	R	I	Ð		N	S
	É	L	A	L	M	Ú	G	I	N	N	T
H	R	A	S	Á	U	M		V		U	R
		G	Ö	N	G	U	M		Æ	R	A

Sudoku prautir

1	4	2		9				5
7			4				8	9
8		5					2	4
2					4	8		
	3				1	2	6	
	8			7	2	9	4	1
	5		2		6			
	2	8			9	4	1	
	7	9	1		8	5	3	

2		8			7	3		
	4		8					
	7					9	6	
	6	5						
	3	1				6		5
	2	9	6				7	
6	9						2	1
				5	1			6

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

Öll almenn húsasmíði

Bolungavík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB **SMURSTÖÐ**
SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

Steig ehf
Bókhaldsþjónusta og fjárhagsráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga
Kristinn H. Gunnarsson framkvæmdastjóri

Traðarstíg 12
415 Bolungarvík
Sími: 456 7437 og 892 7630
kristinn@kristinn.is

HG **HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.**
- spálfrætt nýting stjórnaðlunda



RED FRELSI



Vodafone RED er komið í Frelsi

Gagnamagn með mínútum,
ótakmörkuðum SMS-um og böffer.

Þú þarft ekkert annað



Vodafone

Góð samskipti bæta lífið